Vestfjarðastofa

Minnisblað

Dagsetning: 29. september 2026
Höfundur: Erna Lea Bergsteinsdóttir
Viðtakandi: Bæjarstjórn Vesturbyggðar

Efni: Svæðisbundin forgangsröðun aðgerða Farsældarráðs Vestfjarða 2026-2030

Meðfylgjandi er áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða vegna farsældar á Vestfjörðum fyrir tímabilið 2026–2030, ásamt kynningarskjali. Aðgerðaáætlunin var samþykkt samhljóða á fundi Farsældarráðs Vestfjarða þann 9. september 2026 og er nú send sveitarfélögunum til umfjöllunar og afgreiðslu.

Áætlunin er unnin á grundvelli 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Samkvæmt ákvæðinu skulu svæðisbundin farsældarráð vinna áætlun til fjögurra ára um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða í þágu farsældar barna. Sveitarfélög skulu vinna framvinduskýrslur á tveggja ára fresti og skulu áætlanir og skýrslur sendar Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Framtíðarsýn áætlunarinnar er að Vestfirðir verði ákjósanlegasti staðurinn til þess að ala upp börn. Markmiðið er að börn og fjölskyldur fái viðeigandi stuðning á réttum tíma, þjónusta sé aðgengileg og samfelld og sjónarmið barna hafi raunverulegt vægi við ákvarðanir sem þau varða. Dreifð byggð, langar vegalengdir og fámenn samfélög kalla á samstarf og samnýtingu þekkingar og úrræða þvert á sveitarfélög og þjónustukerfi.

Mótun áætlunarinnar hófst á fyrsta fundi Farsældarráðs Vestfjarða á Bíldudal, þar sem fulltrúar sveitarfélaga, þjónustuveitenda og ungmenna unnu að greiningu áskorana og tækifæra og mótun aðgerða. Áætlunin byggir jafnframt á fyrirliggjandi gögnum um stöðu barna, lögum og landsstefnu og svæðisbundinni stefnumörkun. Þá var nýtt stefnumótun Vesturbyggðar, sérstaklega núverandi skólastefna en einnig stefnumál meirihluta bæjarstjórnar sem og minnihlutans.

Áætlunin hefur að geyma 17 aðgerðir sem falla undir fjögur lykilviðfangsefni:

- Samþætt og aðgengileg þjónusta fyrir börn og fjölskyldur.
- Virk þátttaka, jöfn tækifæri og fjölbreytni.
- Örugg og heilbrigð uppvaxtarskilyrði.
- Þekking sem leiðir til framfara.

Fyrir aðgerðirnar eru sett fram markmið, ábyrgð, framkvæmd, tímarammi og mælikvarðar. Áhersla er lögð á að nýta fyrirliggjandi þjónustu, mannauð og þekkingu, samræma verklag og styrkja samstarf. Með samræmdri framkvæmd getur Vesturbyggð unnið að eigin stefnumarkmiðum og svæðisbundnum áherslum í sameiginlegum verkefnum.

Helstu tengsl við stefnumörkun Vesturbyggðar:

Áherslur í skólastefnu og stefnumálum framboða	**Tengdar aðgerðir farsældaráætlunar**
Samstarf og samfelld þjónusta. Skólastefnan leggur áherslu á snemmtæka íhlutun, sérfræðiþjónustu og samfellu milli skólastiga. Sterkari Vesturbyggð vill auka samvinnu og samræmingu í skólamálum og setja farsæld barna í forgang.	**Aðgerðir 1–4 – Sameiginlegt verklag, fræðsla, þjónustuyfirlit og stuðningur við fjölskyldur frá fyrstu stundu.** Skýr ábyrgð, boðleiðir og samstarf skóla, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu geta stuðlað að samfelldum stuðningi við börn og fjölskyldur.
Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum. Skólastefnan tengir saman skóla- og frístundastarf óháð búsetu. Ný sýn vill efla almenningssamgöngur, auka aðgengi og lengja opnunartíma íþróttamiðstöðva og styðja tónlistarskólann. Sterkari Vesturbyggð vill frístundastyrk fyrir öll börn að 18 ára aldri, styðja tónlistarskóla og íþróttafélög og nýta aðstöðu betur.	**Aðgerð 13 – Aðgengi að íþróttum, listum og tómstundum óháð aldri og búsetu.** Kortlagning ferðamöguleika, kostnaðar og framboðs getur stutt samræmingu samgangna og tímasetninga starfs, útfærslu frístundastyrkja og aukna þátttöku barna í öllum byggðarlögum.
Öflugt félagslíf ungmenna. Ný sýn vill móta framtíðarstefnu félagsmiðstöðva og tryggja þeim framtíðarhúsnæði. Sterkari Vesturbyggð leggur áherslu á félagslíf ungmenna og félagsleg tengsl barna innan sveitarfélagsins.	**Aðgerðir 7 og 9 – Tilraunaverkefni um ungmennahús og viðburði og efling félagsmiðstöðvastarfs.** Samstarf um faglegt starf, fjölbreytta viðburði og þarfagreiningu getur nýst við mótun framtíðarstarfs og aðstöðu fyrir ólíka aldurshópa ungmenna.
Þátttaka og áhrif barna og ungmenna. Skólastefnan leggur áherslu á raddir nemenda og lýðræðislega þátttöku. Ný sýn	**Aðgerð 6 – Virk ungmennaráð á öllum Vestfjörðum.** Reglulegt samráð, skýrar leiðir fyrir tillögur og eftirfylgni með afgreiðslu

vill tryggja reglulegt samtal við ungmennaráð.

Öryggi, vellíðan og forvarnir. Skólastefnan setur vellíðan og góð samskipti í fyrirrúm. Ný sýn vill bæta skólalóðir og umferðaröryggi við skóla. Sterkari Vesturbyggð vill efla forvarnarstarf og félagsleg tengsl barna.

Samstarf heimila og skóla. Skólastefnan byggir foreldrasamstarf á trausti og virðingu. Sterkari Vesturbyggð leggur sérstaklega áherslu á að efla samstarf skóla og heimilis.

Jöfn tækifæri og stuðningur við fjölbreyttan hóp barna. Skólastefnan byggir á skóla án aðgreiningar og þörfum allra barna. Sterkari Vesturbyggð leggur áherslu á þjónustu við íbúa af erlendum uppruna, ungmenni og börn.

Fagþekking og starfsþróun. Skólastefnan leggur áherslu á menntað starfsfólk, endurmenntun og aukið menntunarstig kennara yngstu barnanna.

Árangur og eftirfylgni. Skólastefnan tengir framkvæmd við fjárhagsáætlun og árlega yfirferð árangurs. Sterkari Vesturbyggð leggur áherslu á betri upplýsingagjöf og sýnilegri stjórnsýslu.

þeirra geta styrkt áhrif ungmenna á þjónustu, aðstöðu og forgangsröðun sveitarfélagsins.

Aðgerðir 11 og 12 – Öruggur skóli og snemmtæk viðbrögð við ofbeldi og tryggur fullorðinn fyrir hvert barn. Samræmdar forvarnir, viðbrögð við ofbeldi og traust tengsl við fullorðna styðja félagslegt öryggi barna samhliða staðbundnum úrbótum á skólalóðum og umferðaröryggi.

Aðgerð 14 – Öflugt foreldrasamfélag. Sameiginleg foreldrafræðsla og samstarf foreldra, skóla og frístundastarfs geta styrkt stuðning við uppeldi, samveru og jákvæð samskipti barna og foreldra.

Aðgerðir 3 og 10 – Sameiginlegt þjónustuyfirlit og börn í fjölmenningarsamfélagi. Aðgengilegar upplýsingar og samræmd móttaka nýrra fjölskyldna geta auðveldað aðgang að námi, stuðningi, félagslegum tengslum og frístundum.

Aðgerðir 2 og 16 – Samræmd fræðsluáætlun og aukin fagþekking í leikskólum. Samstarf um fræðslu, nám og starfsþróun getur stutt faglegt starf og bætt aðgengi starfsfólks að símenntun.

Aðgerð 17 – Aukin þekking og gagnsæi – nýting gagna. Sameiginlegt stöðumat getur stutt mat á þátttöku, líðan og aðgengi barna og nýst við forgangsröðun verkefna og miðlun árangurs.

Athugið að samanburðurinn sýnir tengsl áherslna við núverandi stefnu sveitarfélagsins og framboða bæjarstjórnar en felur ekki í sér að framboðin eða sveitarfélagið hafi samþykkt einstakar aðgerðir farsældaráætlunarinnar.

Í viðauka I við áætlunina er gerð grein fyrir forsendum kostnaðarmats og áætlaðri skiptingu kostnaðar. Um er að ræða gróft mat á verðlagi ársins 2025 sem tekur til framkvæmdartímabils viðkomandi aðgerðar. Kostnaðurinn felur meðal annars í sér verðmæti vinnuframlags starfsfólks innan reglubundins rekstrar. Hluti verkefna er styrkfjármagnaður en önnur kalla á viðbótarfjármögnun eða nánara kostnaðarmat. Við undirbúning framkvæmdar þarf því að yfirfara umfang, kostnaðarskiptingu og fjármögnun með viðkomandi ábyrgðaraðilum og tengja við starfs- og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og stofnana.

Óskað er eftir að sveitarstjórnir taki áætlunina til umfjöllunar og afgreiðslu og feli viðeigandi nefndum og stjórnendum að undirbúa framkvæmd þeirra aðgerða sem að sveitarfélaginu snúa. Jafnframt er óskað eftir að afgreiðsla sveitarstjórnar verði send Farsældarráði Vestfjarða til upplýsinga og eftirfylgni.

Áætluninni verður fylgt eftir og hún endurskoðuð árlega í ljósi reynslu, nýrra gagna og samráðs við börn, fjölskyldur og fagfólk. Sameiginlegt stöðumat og regluleg eftirfylgni eiga að styðja við mat á árangri og áframhaldandi forgangsröðun í þágu barna á Vestfjörðum.

Fylgiskjöl:

1. Svæðisbundin forgangsröðun aðgerða vegna farsældar á Vestfjörðum 2026–2030, ásamt viðauka um fjármagnsþörf.
2. Kynningarskjal um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða vegna farsældar á Vestfjörðum 2026–2030.